

Nd.

214. Frumvarp

til laga um sölu á spildu af landi kirkjujarðarinnar Fjósa í Laxárdalshreppi.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogu.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Árna hjeraðslækni Árnasyni í Búðardal spildu þá af landi kirkjujarðarinnar Fjósa í Laxárdalshreppi, sem Hjarðarholtskirkja seldi Páli kaupmanni Ólafssyni á leigu til 50 ára með samningi, dags. 1. nóv. 1913, staðfestum af stjórnarráði Íslands 24. s. m. Er spilda þessi 120 faðma upp frá stórstraumsflæðarmáli, en að flatarmáli 39000 ferfaðmar.

Undanskilinn sölunni er sá hluti landsspildunnar, sem liggur »fyrir neðan barð«.

2. gr.

Um mat á landi þessu og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

Greinargerð

felst í fylgiskjölum þeim, sem prentuð eru hjer á eftir.

Fylgiskjal I.

Jeg undirritaður leyfi mjer hjer með að fara þess á leit við hið háa Alþingi, að það veiti landsstjórninni heimild til þess að selja mjer lóð þá við Búðardalskaupþún við Hvammsfjörð, sem Hjarðarholtskirkja seldi upphaflega kaupm. Páli Ólafssyni á leigu með leigusamningi, dags. 1. nóv. 1913, staðfestum

af stjórnarráði Íslands 24. nóv. 1913, til 50 ára, en þó sje undanskilinn sölunni sá hluti lóðarinnar, sem liggur fyrir neðan barð og fallinn er til verslunarlóðar.

Lóð þessi er hluti af landi því, sem lagt er til Búðardalskaupþúns af landi jarðarinnar Fjós í Laxárdalshreppi; hún er 120 faðma upp frá stórstraumsflæðarmáli, en öll er hún 39000 ferfaðmar að flatarmáli. Hún er nú óbygð, er mestöll mýri og því fallin til ræktunar. Lóðin liggur mestöil utan við Búðardalskaupþún, að undanteknum litlum hluta hennar, sem liggur fyrir neðan barð og er fallinn til verslunarlóðar. Þar stóð verslunarhús, sem nú er rífið. Girðingu, sem er um lóðina, og gripahús á henni hefi jeg undirritaður keypt.

Lóðin öll, bæði ræktunarlóðin og lóðin fyrir neðan barð, er afskekt frá þeim lóðum, sem nú eru byggingarlóðir kaupþúnsins aðallega.

Sýslufundur Dalasýslu hefir gefið mjer meðmæli sín til þess að fá lóðina keypta, og fylgja þau meðmæli hjer með.

Af ofangreindum ástæðum leyfi jeg mjer að vænta þess, að hið háa Alþingi verði við beiðni minni.

Búðardal, 24. júní 1919.

Virðingarfylst,

Árni Árnason,

hjeraðslæknir.

Til Alþingis.

Fylgiskjal II.

Ú t d r á t t u r

úr sýslufundargerð Dalasýslu 1919.

38. Framlögð beiðni frá Árna hjeraðslækni Árnasyni um meðmæli sýslunefndar með sölu á lóð í Búðardal, sem hann hefir á leigu af Hjarðarholtskirkju.

Sýslunefndin gefur eindregið meðmæli sín með sölu á lóðinni, allri fyrir ofan barðið, en ekki með lóðinni fyrir neðan barðið, sem er vel fallin til verslunarhúsbyggingar.

Rjett eftirrit staðfestir.

Skrifstofu Dalasýslu, 26. maí 1919.

Bjarni P. Johnson.